

Ed.

679. Frumvarp til laga

[124. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 167 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inngönguskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrri ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatríðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Akureyri, Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Verði að því stefnt, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli, og skal þegar á næsta skólaári hefja þar starfrækslu á raungreinadeild.

Ákvæði til bráðabirgða (á eftir 13. gr.) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rannsaka ýtarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.